

FÉLA2KY05

Búið til: Mon, 11 Oct 2021 13:06:36 GMT

Titill

Kynjafræði

Skammstöfun

FÉLA2KY05

Útgáfunúmer

49

Námsgrein

félagsfræði

Viðfangsefni

kynjafræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum fá nemendur innsýn í heim kynjafræðinnar. Þeir fá tækifæri til að kynnast kenningum um valdatengsl kynjanna og grunnskilgreiningar kynjafræðinnar. Í kynjafræði er nýju ljósi varpað á viðfangsefni sem margir skynja sem algildan sannleik eða hlutlausu sýn á heiminn. Fjallað verður um jafnrétti, kyn, kyngervi, staðalmyndir, kvenleika, karlmennsku, fordóma og fleira. Nemendur beina sjónum sínum að eigin samfélagi, málefnum líðandi stundar og skoða tímarit, kvikmyndir, stjórnmál og fjölmiðla út frá hugmyndum kynjafræðinnar.

Forkröfur

INNF1IF05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum kynjafræðinnar
- helstu hugtökum jafnréttismála
- á sviði kynjafræða og tengingu við nær- og fjærumhverfi sitt sem og sjálf sitt

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í umræðum um algeng álitamál sem tilheyra kynjafræðinni
- beita fjölbreyttum orðaforða kynjafræðinnar, geta tjáð skoðanir sínar á ábyrgan hátt og rökstutt þær í ræðu og riti
- greina stöðu og staðalmyndir kynjanna úr fjölbreyttum miðlum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skoða umhverfi sitt með glæraugum kynjafræðinnar
- setja sig í spor annarra
- bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum
- meta mikilvægi virkrar borgaralegrar þátttöku

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd